

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1973

Nr. 82.

274

14. september 1973.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar, miðvikudaginn 10. október 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1973.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 83.

18. september 1973.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir dyrum standi að taka erlent lán til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar hafa verið í samræmi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1973, og vegna kaupa á skuttogurum. Heimildir til slíkrar lántöku eru í ýmsum lögum en vegna lánsútboðs er talið nauðsynlegt að sameina þær heimildir í eina löggjöf og samræma fyrirhuguðu lánsútboði. Markaður til þessarar lántöku hafi verið óstöðugur undanfarið, en sé nú talinn með hagstæðara móti og ekki hættandi á að draga lántökuna. Því beri brýna nauðsyn til að afla þegar í stað fullnægjandi lagaheimilda til lántökunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört á Tjörn í Svarfaðardal, 18. september 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.